

## Fundargerð

24. fundur samvinnunefndar um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 4. febrúar 2011 kl. 13:30 að Borgartúni 12 – 14.

Mættir:

**Reykjavíkurborg:**

Páll Hjaltason

**Kópavogsbær:**

Guðný Dóra Gestdóttir og Birgir H. Sigurðsson

**Hafnarfjarðarbær:**

Sigríður Björk Jónsdóttir og Rósa Guðbjartsdóttir

**Garðabær:**

Stefán Konráðsson og Steinþór Einarsson

**Mosfellsbær:**

Bryndís Haraldsdóttir og Ólafur Gunnarsson

**Seltjarnarnesbær:**

Ólafur Egilsson og Ragnhildur Ingólfssdóttir

**Sveitarfélagið Álftanes:**

Guðmundur G. Gunnarsson og Kristinn Guðlaugsson

**Kjósarhreppur:**

G. Oddur Víðisson og Sigurbjörn Hjaltason

Formaður, Páll Hjaltason setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

1. **Breyting á svæðisskipulagi – erindi Reykjavíkurborgar – Holtsgöng og breytingar á byggingarmagni á byggðasvæði nr. 5. Verklýsing vegna svæðisskipulagsbreytingar.**

Haraldur Sigurðsson fór yfir og gerði grein fyrir meginþáttum máls. Á þessu stigi er lögð fram tillaga að verklýsingu til undirbúnings að mögulegum breytingum og nauðsynlegu umhverfismati. Málið mun að lokinni þeirri vinnu koma aftur til umfjöllunar í nefndinni.

**Umræður**

Fram kom m.a. að æskilegt hefði verið að fá fyrir umrædda ákvörðun frekara svigrúm til kannana varðandi niðurfellingu eða breytta staðsetningu gangnanna, en skilningur ríkti á að brýn þörf fyrir breytt deiliskipulag sjúkrahússvæðisins réði ferðinni. Þá var bent á nauðsyn þess að tryggja í skipulagi greiða umferð framhjá svæðinu.

**Niðurstaða:**

*“Samþykkt að senda verklýsingu til umsagnar hjá Skipulagstofnun og umsagnaraðilum, kynna fyrir almenningi og til samþykkis hjá sveitarfélagunum, sbr. 1. mgr. 23. gr. skipulagslaga.”*

## **Samvinnunefnd um svæðisskipulag á höfuðborgarsvæðinu**

### **2. Starf nefndarinnar – verkefni framundan.**

Formaður fór yfir starf nefndarinnar og helstu verkefni framundan sem tengjast umræðu um og undirbúning að endurskoðun á núgildandi svæðisskipulagi. Bent var sérstaklega á neðangreinda þætti:

- Endurskoðun á vatnsvernd fyrir höfuðborgarsvæðið
- Græni trefillinn og Græni stígurinn
- Áhrif nýrra skipulagslaga
- Bættur gagnagrunnur
- Umferðarlíkan – stofnbrautir – samgöngukerfi.
- Framtíðar urðunarstaður í stað Álfsness
- Friðlýsing Skerjafjarðar o.fl. friðlýsingar

Umræður.

#### **Niðurstaða:**

Samþykkt að á næsta fundi nefndarinnar verði sérstök yfirferð og kynning á ákvæðum nýrra skipulagslaga sem snerta gerð og framkvæmd svæðisskipulags. Framkvæmdanefnd falið að vinna áfram að undirbúningi að umfjöllun um endurskoðun svæðisskipulagsins og leggja tillögur vegna þess fyrir næsta fund nefndarinnar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:20

Fundargerð ritaði Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH.